



*Eyjafjardarbraut undan Gili í apríl 1951. Í ófærðinni í vetur er holt að rifja upp aðstæður fólks um miðja síðustu öld. Mynd: Jón J. Víðis.*

## Flokkun vegakerfisins

Í miðopnu þessa blaðs er birt kort sem sýnir flokkun vegakerfisins eins og hún er nú. Í texta hér á eftir er gerð grein fyrir þessum flokkum.

### Flokkar

Samkvæmt vegalögum (nr. 80/2007) er vegakerfi landsins skipt upp í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi, þar sem þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt og samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.

Kortið á bls. 4-5 sýnir hvernig þjóðvegakerfinu er skipt upp í flokka þ.e. stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Auk þess eru stofnvegir á hálendi merktir sérstaklega en þeir eru opnir fyrir umferð á sumrin.

### Þjóðvegir

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega en í veghaldi felst forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vegna. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi

til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegum er skipað í flokka samkvæmt eftirfarandi reglum:

### Stofnvegir

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

### Stofnvegir um hálendi

Hluti stofnvegakerfisins liggur um hálendið en eðli málsins

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 20. árg. nr. 580 30. jan. 2012

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



samkvæmt er þjónusta við þá minni en aðra stofnvegi og eru þeir lokaðir yfir veturinn.

#### Tengivegir

Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.



Nesbraut (49) í Reykjavík (Hringbraut), stofnvegur.



Hringvegur (1) í Suðursveit, stofnvegur.



Kjalvegur (35), stofnvegur um hátendi.



Mjóafjarðarvegur (953), tengivegur.



Klofningsvegur (590), tengivegur.



Eyjaafjarðarbraut vestri (821), tengivegur.

#### Héraðsvegir

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

#### Landsvegir

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.



Vegur að Grænuhlíð í Lóni, héraðsvegur.



Skarðsvegur (793) Siglufjarðarskarð, landsvegur.



Ingjaldssandsvegur (624), héraðsvegur.



Brúarvegur (907), landsvegur.



Jökulhálsleið (570), landsvegur.



Reiðvegur við Kaldadalsveg (550) hjá Bolabás.

#### Almennir stígar, sveitarfélagsvegir og einkavegir

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningsi til frjálsrar umferðar. Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningsi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega og eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

#### Styrkir til samgönguleiða

Í samgönguáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Heimilt er að binda styrkveitingu skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.


Í samgönguáætlun er einnig heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Þá er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.

#### Ferjur

Í samgönguáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg að minnsta kosti hluta úr ári. ■



# Vegakerfið 25.01.2012



Flokkun vegakerfisins	
Stofnvegir	4.425 km
Stofnvegir um hálendi	505 km
Tengivegir	2.956 km
Landsvegir	1.921 km
Héraðsvegir	3.091 km
Samtals þjóðvegir	12.898 km
Ferjuleiðir	

25.01.2012 VAI



## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla á Suðursvæði 2012 12-001

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu á Suðursvæði 2012.

Helstu magnþölur eru:

Efra burðarlagsefni 0 – 22 mm:  
30.000 m<sup>3</sup> í 5 námum

Klæðingarefni 8 – 16 mm:  
17.000 m<sup>3</sup> í 6 námum

Samtals er um að ræða 47.000 m<sup>3</sup> í 8 námum.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfoss og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 30. janúar 2012. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 14. febrúar 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Villingaholtsvegur (305), 2012 12-004

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbýggingu 5,3 km Villingaholtsvegur frá Gaulverjabærarvegi að Ragnheiðarstöðum, ásamt útlögn klæðingar.


Helstu magnþölur eru:

Neðra burðarlag . . . . . 10.280 m<sup>3</sup>  
Fláafleygar . . . . . 5.130 m<sup>3</sup>  
Efra burðarlag . . . . . 4.905 m<sup>3</sup>  
Tvöföld klæðing . . . . . 37.840 m<sup>2</sup>  
Frágangur fláa . . . . . 31.190 m<sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 31. janúar 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 14. febrúar 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Mikil fylgni með akstri og hagvexti eða 96 prósent fylgni frá árinu 1975

Áður birt á vegagerdin.is 25.1.2012

Í fréttum af umferð og akstri hefur Vegagerðin minnst á að víða erlendis eru umferðartölur metnar sem mjög góður rauntímamælikvarði á hagvaxtarþróun. Það er því fylgst mjög glöggt með þessum tölum til þess að meta ástand hagkerfisins.

Vegagerðin skoðaði fylgni milli vergrar landsframleiðslu og þróun heildaraksturs á landinu frá árinu 1975 til ársins 2010, því grunur lék á að þessu væri svipað farið hér á landi sem og annarsstaðar.

Niðurstaðan sýnir svo ekki verður um villst að óhætt er að segja að mjög mikil fylgni er á milli þessara tveggja þátta, eða um 96% fylgni að meðaltali fyrir tímabilið. Það þarf því ekki að efast um að fylgni er á milli þessara þátta, sjá línuritíð. Því ætti að vera óhætt að nota umferðartölur til þess að áætla hagvaxtarþróun eða spá fyrir um hana. Staðfestar hagvaxtartölur, tölurnar um verga landsframleiðslu, koma ekki fyrr en þremur árum á eftir, tölurnar fyrir 2009 og 2010 eru þannig bráðabrigðatölur.

Akstur á vegakerfinu hefur vaxið árlega um 3,8% milli árunna 1975 og 2010 en verg landsframleiðsla hefur vaxið um 3% á sama tímabili.

Í ljósi alls þessa verður afar fróðlegt að sjá hver þróun umferðar verður á þessu ári. ■



Hófaskarðsleið. Ljósmynd: Sigurður Jóhannes Jónsson á Þórshöfn.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
12-026 Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012
12-028 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik	2012
12-013 Þingskálavegur (286) 2012	2012
12-012 Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	2012
12-011 Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Bóðmódsstaðavegi (366) 2012	2012
12-033 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik	2012
12-027 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, klæðing	2012
12-023 Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt	2012
12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) innan við Snæhvamm	2012
12-031 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012
12-018 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2012	2012
12-010 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi	2012
12-025 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði	2012
12-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2012, klæðing	2012
12-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, klæðing	2012
12-008 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, malbik	2012
12-016 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll og Hofsa - Ytra Hvarf	2012
12-007 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Reykholt	2012
12-006 Leirnavvegur (243) og breytingar á farvegi Svaðbælisár	2012
12-021 Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalásá	2012
12-032 Grassláttur á Suðvestursvæði 2012-2013	2012

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
12-015 Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá	2012
12-005 Héraðsvegir (heimreiðar) í Ásahreppi 2012	2012
12-029 Hringvegur (1), steipt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, uppsetning	2012
12-030 Norðausturvegur (85), Bungufloí - Vopnafjörður, endurútboð	2012
12-003 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1), Múlakot - Foss	2012
12-024 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) norðan Fornahvamms	2012
12-014 Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	2012
12-002 Girðingar á Suðursvæði 2012	2012
12-022 Uxahryggjavegur (52), Gröf - Skarð	2012
11-047 Vestfjarðarvegur (60), Eiði - Pverá	2012
11-048 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2012

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
12-001 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2012	30.01.12	14.02.12
12-004 Villingaholtsvegur (305), 2012	30.01.12	14.02.12
12-020 Hringvegur (1), steipt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, framleiðsla	23.01.12	07.02.12
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11	14.02.12

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11

Samningum lokið	Opnað:	Samið
Ekki hefur verið skrifað undir neina samninga frá því síðasta tölublað kom út		

## Gríðarlegt álag í vetrarþjónustunni þessa dagana

Áður birt á vegagerdin.is 13.1.2012

Vetrartíðin hefur ekki farið framhá nokkrum manni þessa síðustu daga. Hjá Vegagerðinni verða starfsmenn áþreifanlega varir við veturinn þegar veðrið hamast sem mest. Og það gengur þá stundum mikið á.



Myndin er tekin úr ferilvöktunarkerfi Vegagerðarinnar og sýnir snjó-moksturstaekin sem voru á ferðinni á þeim tímapunkti sem myndin var tekin.

Þriðjudaginn 10. janúar var t.d. snjómoksturstaekjum á vegum Vegagerðarinnar ekið næstum 18 þús. kma samanlagt. Þrettán sinnum hringinn í kringum landið á einum sólarhring. Snjór var mokaður og á sama tíma var nærri 206 tonnum af salti dreift. Um 60 tonnum af þækli og um 64 tonnum af sandi.

Af þeim 18 þúsund km sem eknir voru var salti dreift á nærri 4.600 km. En á suma hluta vegakerfisins er margsaltað og sumsstaðar eru akreinar fleiri en ein. Í þessa vinnu fóru á þessum eina sólarhring 567 klukkustundir. Eða um 24 sólarhringar.

Í haust, eða frá 1. október og út desember voru snjómoksturstaekin ekin um 570 þúsund km. Nærri sjö þúsund tonn af salti hafa farið í hálkvarnirnar og meira en annað eins af þækli og sandi. Nærri 16 þúsund tonn. Af þessum 570 þúsund km voru um 172 þúsund km hálkvarðir og það tók 16 þúsund klukkustundir samanlagt. ■